

Eins bak við örvaentinga
oft vonin leynist svona,
og eftir norna næðing
nýgræðing ljúfan fædir.

Maður, þó myrkt þér virðist
mundu eftir sól, og grundu
klæddri í gróðrargerfi,
glitrandi björk, sem titrar
snortin af suðra söngum,
Syngjandi fugla þingi.
Blikandi bárur, er spegla
þrosrósir himinljósa.

Kristján Stefánsson.

Áfram eða afturábak.

EFTIR

Guðni Árnason.

Um fátt er eins mikil rætt nú á dögum og framfarir verklegar og andlegar. Heiminum fleygir áfram með undra hraða á menningarbrautinni, nýjar uppgötvunar og endurbætur á hinnum eldri gera menn æ stórvirkari og hagvirkari, og hver getur að því getum leitt hversu langt menn fá komist í þeim efnunum, jafnvel í nánustu framtíð. Hinum andlegu framförum er ekki eins varið og hinum verklegu, þer verða ekki, að sáum undanteknum, til í einni svipan, og þer hafa ekki eins vísðtæka og gagngjörða breytingu í för með sér á högum manna. Að vísu má segja að allar framfarir séu andlegs eðlis, alt verður fyrst að eiga sér stað í huga mannsins áður en það kemur fram fyrir almennings sjónir í orðum eða verkum. En það, sem á milli skilur, er það, hvort hugsunin er notuð til að gera baráttuna íyrir lífstillverunni þægilegri og hægari, eða hún miðar til þess, að auðga og glæða sáarlíf manna.